



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS



# VÍNAR TÓNLEIKAR

4., 5. OG 6. JANÚAR

---

# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir af RÚV og sendir út 7. janúar kl. 16:05 á Rás 1.

Tónlistarflutningur í Hörpuhorni: Matti Kallio og Kjartan Valdemarsson.

Í tilefni Vínartónleikanna er selt svalandi freyðivín á börum í hléi.

Lengd tónleikanna er um það bil 2 klukkustundir með hléi.

Blómaskreytingar: Dans á rósum / Ragnhildur Fjeldsted.

For information in English about tonight`s programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website:

**en/sinfonia.is**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# VÍNAR- TÓNLEIKAR

---

**Karen Kamensek**  
hljómveitarstjóri

.....  
**Valgerður Guðnadóttir**  
einsöngvari

.....  
**Kolbeinn Ketilsson**  
einsöngvari

.....  
**Listdanhópur**  
**Lára Stefánsdóttir**  
danshöfundur

---

---

## EFNISSKRÁ

Johann Strauss yngri  
**Die Fledermaus (Leðurblakan)**, forleikur  
**Tik-Tak**, hraður polki

Franz Lehár  
**Meine Lippen sie küssen so heiss**  
**Freunde, das Leben ist lebenswert**  
aríur úr óperettunni Giuditta

Hans C. Lumbye  
**Københavns Jernbane Damp Galop**

Emmerich Kálmán  
**Ich tanz mit dir ins Himmelreich**  
dúett úr óperettunni Der Zigeunerprimas

Émile Waldteufel  
**España**, vals

Hlé

Franz von Suppé  
**Pique Dame**, forleikur

Franz Lehár  
**Da geh' ich zu Maxim**  
aría úr óperettunni Káta ekkjan

Emmerich Kálmán  
**Heia in den Bergen**  
aría úr óperettunni Die Csárdásfürstin

Johann Strauss yngri  
**Csárdás**  
úr óperunni Ritter Pázmán

Rudolf Siczzyński  
**Wien, du Stadt meiner Träume**  
Vínarljóð

Johann Strauss yngri  
**An der schönen blauen Donau (Dónárvalsinn)**

---



---

# KAREN KAMENSEK

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**K**aren Kamensek stjórnar jöfnum höndum í í óperuhúsum og tónleikasölum og spannar verkalisti hennar allt frá sígildum verkum til meistaraverka líðandi stundar. Hún hefur stjórnað hljómveitum og óperuuppfærslum víða um heim og starfað með mörgum af fremstu tónlistarmönnum samtímans.

Á yfirstandandi tónleikaári þreytir Karen Kamensek frumraun sína í nokkrum af helstu óperuhúsum Evrópu og stjórnar verkum eftir Philip Glass, Victoriu Borisova-Ollas, Camille Pépin, Verdi og Bizet. Þá eru nýjar uppsetningar og frumflutningur óperuverka einnig á dagskránni.

Í ágúst síðastliðnum stóð hún í fyrsta sinn á hljómveitarstjórappalli á BBC Proms í Royal Albert Hall og stjórnaði Britten Sinfonia í fyrsta opinbera flutningi á samvinnuverkefni Philips Glass og Ravis Shankar, *Passages*, þar sem sítarleikarinn Anoushka Shankar lék einleik. Í lok október 2017 stjórnaði Kamensek svo heimsfrumflutningi á óperu Victoriu Borisova-Ollas, *Dracula*, í leikstjórn Linus Fellblom hjá Konunglegu óperunni í Stokkhólmi.

Nú í febrúar stjórnar hún svo óperu Philips Glass *Satyagraha* í Þjóðaróperunni í London (English National Opera) en áður hefur hún stjórnað þar uppfærslu á óperunni *Ahknaten* eftir Glass við góðan orðstír. Af öðrum verkefnum hennar á komandi vori má nefna nýja uppfærslu á *Rigoletto* eftir Verdi í leikstjórn Kaspers Holten hjá Malmö-óperunni og tónleika með Óperuhljómveitinni í Toulon í Frakklandi þar sem hún stjórnar *Vajrayana fyrir hljómveit* eftir hina ungu Camille Pépin, 8. sínfóníu Dvoráks og fyrsta píanókonsertri Rakhmanínovs með einleikaranum Lise de la Salle. Tónleikaári Karenar Kamensek lýkur svo á frumraun hennar í Ísraelsóperunni þar sem hún stjórnar frægri sviðsetningu Francos Zefirelli á óperunni *Carmen* eftir Georges Bizet.



---

# KOLBEINN KETILSSON

## EINSÖNGVARI

**K**olbeinn Ketilsson lauk burtfararprófi frá Nýja Tónlistarskólanum og síðar frá Tónlistarháskóla Vínarborgar. Hann hefur sungið í óperettum og einnig mörg veigamestu tenórhlutverk óperubókmenntanna, m.a. titilhlutverkin í *Ævintýrum Hoffmanns*, *Don Carlo* og *Parsifal*, *Tristan* og *Tannhäuser*, *Lohengrin*, Florestan, Erik, Tamino, Max, Cavaradossi og Don José. Hjá Íslensku óperunni hefur hann m.a. sungið Alfredo í *La Traviata*, Rodolfo í *La Bohème*, Erik í *Hollendingnum fljúgandi* og Tenórinn í *Ariadne á Naxos*. Kolbeinn söng hlutverk Enée í *Les Troyens* á tónlistarháttíðinni í Salzburg við lofsamlegar viðtökur áheyrenda og gagnrýnenda.

Kolbeinn hefur komið fram í óperum á öllum Norðurlöndunum, í Norður-Ameríku og víðsvegar um Evrópu, m.a. í Staatsoper í München, Parísaróperunni, óperunni í Genf og óperunni í Valencia, Torino og San Carlo í Napólí og Lissabon. Hann hefur starfað með mörgum þekktustu hljómsveitarstjórum heims, m.a. Antonio Pappano, Lorin Maazel, Kurt Masur, Kent Nagano og Zubin Mehta. Einnig hefur hann unnið með leikstjórum á borð við Jonathan Miller, Herbert Wernicke, Keith Warner og Carlos Saura.

Kolbeinn söng Radames í *Aidu* í fyrstu uppsetningu nýja óperuhússins í Kaupmannahöfn árið 2005, og tenórhlutverkið í 9. sífóníu Beethovens á fyrstu tónleikum Sífóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu undir stjórn Vladimirs Ashkenazy vorið 2011. Hann söng hlutverk Don José í uppfærslu Íslensku óperunnar á *Carmen* haustið 2013. Nýlega tók hann þátt í heimsfrumsýningu á sænsku óperunni *Notorious* eftir Hans Gefors í Gautaborg þar sem meðsóngvarar hans voru m.a. John Lundgren og Nina Stemme. Auk þess að syngja í óperum kemur Kolbeinn einnig reglulega fram á tónleikum sem ljóðasöngvari og einsöngvari í hljómsveitarverkum.



# VALGERÐUR GUÐNADÓTTIR

## EINSÖNGVARI

Valgerður nam við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og Kolbrúnu Sæmundsdóttur og útskrifaðist þaðan vorið 1998. Ári síðar hélt hún til London þar sem hún stundaði söngnám hjá Lauru Sarti við framhaldsdeild Guildhall School of Music and Drama.

Hún hóf söngferil sinn með hlutverki Maríu í *West Side Story* í Þjóðleikhúsinu 18 ára gömul. Síðan þá hefur hún sungið og leikið á ólíkum vettvangi, t.d. hjá Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu og Íslensku óperunni. Valgerður söng hlutverk Maríu í *Söngvaseiði* í Borgarleikhúsinu og hlaut fyrir það Grímuna, Íslensku leiklistarverðlaunin, sem Söngvari ársins. Hún hefur farið með mörg hlutverk á ferlinum, allt frá söngleikjum til óperu eins og t.d. *Fantine* í *Vesalingunum*, *Lindu* í *Gauragangi*, *Janet* í *Rocky Horror*, *Papagenu* í *Töfraflautunni*, *Mercedes* í *Carmen*, *Barbarinu* í *Brúðkaupi Figarós*, *Belindu* í *Dido og Aeneas* og *Poppeu* í *Krýningu Poppeu*. Haustið 2015 fór hún með hlutverk Bertu í *Rakaranum frá Sevilla* hjá Íslensku óperunni en fyrir það hlutverk hlaut hún tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna.

Valgerður hefur sungið inn á fjölmargar hljómplötur og árið 2010 kom út sólóplata hennar, *Draumskógur*. Hún hefur leikið í sjónvarpi, unnið sem þáttastjórnandi og sungið/leikið Disney-persónur eins og *Pocahontas*, *Litlu hafmeyjuna* og *Mulan*. Valgerður hefur haldið fjölda tónleika og komið víða fram sem einsöngvari m.a. á opunarhátíð Hörpu 2011 og með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Valgerður söng Völvuna í *Völuspá*, nýju tónverki eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson sem frumflutt var í Hofi 14. febrúar sl. og flutt verður í Færeyjum í febrúar næstkomandi. Hún mun jafnframt fara með hlutverk Christine Daae í *Phantom of the Opera* sem frumsýnd verður í Hörpu 17. febrúar.



---

# LÁRA STEFÁNSDÓTTIR

## DANSHÖFUNDUR

Lára Stefánsdóttir lauk mastersgráðu í listfræðum og kóreógrafíu frá Middlesex University í London árið 2006.

Lára var dansari við Íslenska dansflokkinn frá 1980 til 2004. Hún dansaði mörg leiðandi hlutverk á þessum árum með dansflokknum, þar má nefna *Coppeliu* (1993) í uppsetningu Evu Evdokimovu.

Lára var skólastjóri Listdanskóla Íslands 2009-2012. Hún var listrænn stjórnandi Íslenska dansflokksins 2012-2014 og samdi þá *Vorblótið* sem sýnt var á sviði Eldborgar undir flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Lára hefur verið listrænn stjórnandi dansleikhússins Pars Pro Toto (PPT) frá 1996.

Lára Stefánsdóttir hefur samið fjölda dansverka og leikstýrt og unnið til fjölda viðurkenninga og verðlauna fyrir verk sín sem hafa verið sýnd víða um heim.

## DANSARAR

### FWD youth company

Lísandra Týra Jónsdóttir, Sara Katrín Kristjánsdóttir, Michelle Ingunn Sorensen Becerra, Andrea Urður Hafsteinsdóttir, Alma Kristín Ólafsdóttir, Hrund Elíasdóttir, Arney Sigurgeirsdóttir, Kristín Marja Ómarsdóttir, Guðrún Mist Hafsteinsdóttir og Bjartey Elín Hauksdóttir

### Aðrir dansarar

Íris Ásmundardóttir, Hólmgeir Gauti Agnarsson og Yannier Oviedo

FWD Youth Company er danshópur sem stofnaður var 2016 og er hugsaður sem eins konar brú fyrir unga dansara sem huga að háskólanámi í danslistinni eða stefna á atvinnumennsku. Hópurinn hefur aðsetur í Klassíska listdanskólanum og eru forsvarsmenn hans Hrafnhildur Einarsdóttir og Ernesto Camilo.

Sigrún Úlfarsdóttir sá um búninga dansara. Sérstakar þakkir fá Klassíska listdanskólinn og Íslenska óperan.



## VÍNARTÓNLISTIN Í ÁR

**S**infóníuhljómsveit Íslands hélt sína fyrstu Vínartónleika árið 1972 en þeir hafa verið árlegur viðburður í starfsemi hljómsveitarinnar síðan 1981 og um langa hríð langvinsælustu og fjölsóttustu tónleikar sinfóníuhljómsveitar allra landsmanna.

Líkt og á tónleikunum árið 1981 gefur forleikurinn að **Leðurblökunni**, óperettu Johanns Strauss (1825–1899), upptaktinn. Eins og verkið allt er forleikurinn listilega saman settur enda er *Die Fledermaus* eitt allra vinsælasta verk sinnar tegundar og er óperettan undantekningalaust á fjöllum beggja stóru óperuhúsanna í Vínarborg á gamlárskvöld og reyndar víða um heim. Það var höfundurinn sjálfur sem stjórnaði frumflutningi verksins í Theater an der Wien í apríl árið 1874.

**Tik-Tak-polkan** byggir Strauss á nokkrum stefnum úr *Leðurblökunni* og sækir hann aðalstefið og titilinn í klukkudúettinn milli aðalpersónanna, Rósalindu og Eisensteins úr 2. þætti óperettunnar.

Síðasta óperetta Franz Léhárs (1870–1948) var *Giuditta* sem var frumflutt í Alþýðuóperunni (Volksoper) í Vínarborg í ársbyrjun 1934. Tónskáldið lagði mikið í þetta verk og hugðist með því sameina óperu- og óperettuformið. Verkinu var strax í byrjun frekar fálega tekið og hefur enn ekki tekist að vinna hug tónlistarunnenda. Nokkrar ariur úr *Giuditta* lifa þó góðu lífi og á það einkum við sópranariuna **Meine Lippen sie küssen so heiß** og tenóraríuna **Freunde, das Leben ist lebenswert** sem Vala og Kolbeinn syngja nú á þessum 38. hefðbundnu Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Hans Christian Lumbye hefur oft verið nefndur hinn danski Strauss. Nítján ára gamall heyrði hann vals eftir Johann Strauss í fyrsta sinn og eftir það var ekki aftur snúið. Hann stofnaði eigin hljómsveit árið 1840 en var svo ráðinn til að stjórna hljómsveit tónleikasalarins í Tívoli þegar það var opnað árið 1843. Næstu þrjátíu árin samdi Lumbye um 700 verk, mest polka, valsa og galopp og hér hljómar eitt þeirra **København's Jernbane Damp Galop**.

Ungverska tónskáldið Emmerich Kálmán (1882–1953) var ásamt landa sínum Franz Lehár í fararbroddi á silfuröld Vínaróperettunnar á fyrsta fjórðungi tuttugustu aldar en eftir hann liggja m.a. 40 óperettur. Óperettan *Der Zigeunerprimas* var frumflutt í Johann Strauss-leikhúsinu í Vínarborg árið 1912

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék forleikinn að *Leðurblökunni* í fyrsta sinn á tónleikum í Þjóðleikhúsinu í júníbyrjun á stofnári hljómsveitarinnar 1950 og leikur hann nú í 58. sinn á tónleikum. 17. júní 1952 var óperettan frumsýnd í Þjóðleikhúsinu og sýnd 35 sinnum með hléum fyrir rúmlega 20 þúsund gesti fram í lok október. Á annan í júlum 1973 var ný uppfærsla frumsýnd og urðu sýningarnar samtals 50 talsins. Íslenska óperan flutti *Leðurblökuna* vorið 1985 og aftur fjórtán árum síðar. Það sýningaferli endaði með glæsilegri gestasýningu í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn í Færeyjum.



og var síðan kvikmynduð sem þögul mynd 1929. Verkið hefur alloft verið hljóðritað og ratar enn á fjalir óperuhúsa. Þekktasta söngatriðið úr óperettunni er dúettinn ***Ich tanz mit dir ins Himmelreich hinein*** (*Ég dansa með þér inn í himnaríki*).

Einn af verðugum keppinautum Strauss-veldisins var hinn franskí Émile Waldteufel (1837–1915) sem fæddist í Strassburg. Hann samdi um ævina á þriðja hundruð verka en þekktastur er hann fyrir *Skautavalsinn* sem alloft hefur hljómað á Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Í dag leikur hljómsveitin aftur á móti í fyrsta sinn valsinn ***España*** sem tónskáldið byggir á samnefndu verki landa síns Emmanuels Chabrier.

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Óperetta Lehárs Káta ekkjan hefur þrisvar sinnum verið sett á fjalirnar í Reykjavík. Fyrst var hún sýnd í Þjóðleikhúsinu með litlum hléum frá 1. júní til 8. júlí árið 1956 og sáu ríflega átján þúsund manns verkið á 28 sýningum. Káta ekkjan laðaði svo til sín á þriðja tug þúsunda sýningargesta í Þjóðleikhúsið árið 1978. Tæpum tveimur áratugum síðar var hún svo aftur mætt en í þetta skipti á fjalir Íslensku óperunnar við Ingólfsstræti við miklar vinsældir.

Franz von Suppé (1819–1895) fæddist í borginni Split sem liggur við Adríahafið og tilheyrir nú Króatíu. Hann var af belgískum og ítölskum uppruna í fōðurætt en móðirin frá Vínarborg. Suppé hóf snemma að semja tónlist og fyrsta verk hans, *Rómversk-kaþólsk messa*, var frumflutt þegar hann var aðeins 13 ára gamall. Á þritugsaldri flutti hann til Vínarborgar og tók við stöðu hljómsveitarstjóra í Theater in der Josefstadt sem er sögufrægt leikhúsi í 8. hverfi borgarinnar. Fyrir það leikhús, Theater an der Wien og fleiri leikhús staðarins samdi hann um dagana tónlist fyrir ríflega 100 sýningar.

Þegar óperettur hins franska Jacques Offenbach fóru að heyrast í Vínarborg í upphafi sjöunda áratugar 19. aldar hljóp keppnissskap í tónskáldið Franz von Suppé og hann hófst handa við að semja Vínaróperettu á grunni hins nýja franska stíls. Óperetta hans ***Pique Dame*** (*Spáðadrottningin*) sem byggir á samnefndri bók eftir Aleksandr Pushkin var frumsýnd í Graz í Austurríki árið 1864.

*Káta ekkjan* (*Die lustige Witwe*) eftir Franz Lehár var frumsýnd í Theater an der Wien árið 1906 og fór strax sigurför um heiminn. Sem dæmi má nefna að verkið var sýnt samtals 777 sinnum eftir frumsýninguna í London árið 1907 áður en haldið var í sýningarferð um Bretlandseyjar. Þá hefur óperettan fjórum sinnum verið kvikmynduð. Sögusviðið er París, en í óperettunni segir af ekkjunni Hönnu Galwari sem nýlega hefur erfð mikil auðævi eftir mann sinn, og gagnkvæmri ást hennar og Danilos sendiráðsritara. En áður en þau ná saman fer Danilo gjarnan í næturklúbbinn Maxim, drekkur kampavín og daðrar við konur sem hann nefnir allar gælunöfnum eins og fram kemur í textanum í arífunni ***Da geb' ich zu Maxim***.

*Die Csárdásfürstin* eða *Sardasfurstynjan* heyrðist fyrst í Johann Strauss-leikhúsinu haustið 1915 líkt og *Der Zigeunerprimas* þremur árum fyrr. *Sardasfurstynjan* er vafalaust vinsælasta verk Emmerichs Kálman. Hún hefur orðið langlíf í óperuhúsum um víða veröld og ratað oftsinnis á hvíta tjaldið. Arián ***Heia in den Bergen*** er upphafsatriði óperettunnar þar sem titilpersónan, kabarettisöngkonan Sylva Verescu syngur tilfinningaþrunginn lofsöng til heimalandsins sem er kryddaður af trylltum sígaunadansi.

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sardasfurstynjan eftir Emmerich Kálman var sýnd í Þjóðleikhúsinu frá 18. maí til 30. júní árið 1964. Sýningin var svo tekin upp um haustið og sýnd fram á vor. Alls urðu sýningarnar 38 og sýningar-gestir liðlega 17 þúsund talsins. Í helstu hlutverkum voru Eygló Viktorisdóttir, Erlingur Vigfússon, Bessi Bjarnason, Herdís Þorvaldsdóttir og Guðmundur Jónsson. Íslenska óperan frumsýndi síðan óperuna 19. febrúar 1993 og var hún sýnd við miklar vinsældir fram á vor. Páll Pampichler Pálsson stjórnaði flutningnum en í aðalhlutverkum voru Signý Sæmundsdóttir og Þorgeir V. Andrésson. Með önnur helstu hlutverk fóru hjónin Sieglinde Kahmann og Sigurður Björnsson, Kristinn Hallsson, Jóhanna Linnét, Bergþór Pálsson og Bessi Bjarnason en leikstjórn var í höndum Kjartans Ragnarssonar.

***Csárdás*** Johanns Strauss úr óperunni *Ritter Pázmán* er á líkum nótum og aría Sardasfurstynjunnar. Hann hefst á angurværum inngangi sem leiðir inn í blóðheitan dans þar sem Strauss sýnir snilli sína á einkar glæsilegan hátt.

Rudolf Siczzyński (1879–1952) var Austurríkismaður af pólskum ættum. Hann samdi allmörg angurvær Vínarljóð en skrifaði nafn sitt í sögubækurnar með því fyrsta, ***Wien, du Stadt meiner Träume*** (*Vín, borg drauma minna*) op. 1 frá árinu 1914. Einsöngvararnir og Sinfóníuhljómsveitin sameinast í flutningi á þessum fagra óði til hinar fornu tónlistarborgar við Dóná.

Oft hefur verið sagt að valsasyrpan ***An der schönen blauen Donau*** eða *Dónárvalsinn sé* óopinber þjóðsöngur Austurríkismanna. Strauss samdi verkið árið 1866 fyrir Karla-kór Vínarborgar (Wiener Männergesangsverein) sem hann stjórnaði um langt skeið. Ári síðar klæddi Strauss syrpana í þann búning sem við þekkjum í dag og var hún frumflutt á heimssýningunni í París 1867. Sama ár fór valsinn sigurför um víða veröld.

*Sigurður Ingvi Snorrason*



## Á DÖFINNI

**FIM** 11 JAN 19:30



## UNGIR EINLEIKARAR

**Á** haustögum fór fram keppni ungra einleikara sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Keppnin er opin nemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja. Sigurvegarar keppinnar, Ásta Kristín Pjetursdóttir, víóluleikari, Bryndís Guðjónsdóttir, söngkona, Guðmundur Andri Ólafsson, hornleikari og Romain Þór Denuit, píanóleikari, koma fram á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar næstkomandi fimmtudagskvöld með spennandi efnisskrá í farteskinu. Hljómsveitarstjóri er Daniel Raiskin.

**FIM** 18 JAN 19:30



## SVO MÆLTI ZARAPÚSTRA

**U**pphafstónarnir í *Svo mælti Zarapústra* eru með því kunnasta sem nokkurt tónskáld hefur fest á blað. Þetta meistaraverk Richards Strauss er stórbrotin og hrífandi hugleiðing um tilveruna í hinum ýmsu myndum. Þýski sellistinn Alban Gerhardt, einn virtasti sellóleikari samtímans, leikur sellókonsert sem Shostakovitsj samdi fyrir Mstislav Rostropovitsj árið 1959. Á tónleikunum hljómar einnig forleikur eftir hina pólsku Grażyna Bacewicz, sem var afkastamikil tónskáld um miðja 20. öld og hlaut verðskuldaða viðurkenningu fyrir verk sín. Hljómsveitarstjóri er David Danzmayr.

**FIM** 25 JAN 17:30/19:30 **Þ** 26 JAN 12:00



## MYRKIR MÚSÍKDAGAR

**S**infóníuhljómsveit Íslands hefur tekið þátt í Myrkum músíkdögum allt frá því að hátíðin var haldin í fyrsta sinn árið 1980. Ungsveitin í samvinnu við Listaháskólann flytur *Sila: The Breath of the World* í forsóllum Hörpu fimmtudaginn 25. janúar. Það sama kvöld verður íslensk samtímatónlist í brennidepli þar sem Sæunn Þorsteinsdóttir leikur sellókonsert Páls Ragnars Pálssonar og Víkingur Heiðar Ólafsson leikur Píanókonsert nr. 2 eftir Hauk Tómasson. Á föstudaginn eru uppskerutónleikar Yrkju þar sem ný verk eftir Gísli Magnússon og Veronique Vöku Jacques eru á dagskrá. Stjórnandi allra tónleikanna er Daníel Bjarnason. Aðgangur á Yrkjutónleikana er ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

**BÍÓTÓNLEIKAR**  
**26. OG 27. APRÍL 2018**

# AMADEUS AMADEUS

Nú gefst einstakt tækifæri til að upplifa kvikmyndina Amadeus sem sýnd verður í Eldborg og stórfenglega tónlist Mozarts í lifandi flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Mótettukórs Hallgrímskirkju. Ekki missa af þessum stórbrotna viðburði!

**MIÐASALA HAFIN SINFONIA.IS**

Miðasala í Hörpu  
sinfonia.is  
harpa.is  
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

**GAMMA**

# HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

4., 5. & 6. JANÚAR 2018

## 1. FIÐLA

Vera Panitch  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Bryndís Pálsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Rannveig Marta Sarc  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Ísak Ríkharðsson  
Pétur Björnsson

## 2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Sólveig Steinþórsdóttir  
Christian Diethard  
Þórdís Stross  
Hlín Erlendsdóttir  
Kristín Björg Ragnarsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Dóra Björgvinsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Ásdís Hildur Runólfssdóttir  
Kathryn Harrison  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Sarah Buckley  
Þórarinn Már Baldursson

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Júlía Mogensen  
Lovísa Fjeldsted  
Margrét Árnadóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir  
Emilía Rós Sigfúsdóttir

## ÓBÓ

Daniel Bogorad  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Baldvin Tryggvason

## FAGOTT

Brjánn Ingason  
Kristín Mjöll Jakbosdóttir

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Lilja Valdimarsdóttir  
Frank Hammarin

## TROMPET

Einar Jónsson  
Baldvin Oddsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
Einar Jónsson

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Greta Ásgeirsson

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Pétur Grétarsson  
Kjartan Guðnason

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*  
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*  
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*  
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*  
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*  
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*





## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Systurnar Pálína Árnadóttir og Margrét Árnadóttir mynda stundum hálfan strengjakvartett.



**Pálína:** Hljóðfæraleikarar vinna í nokkuð sérhæfðum heimi. **Margrét:** Já, við notum jafnvel okkar eigin hugtök til að lýsa spilastíl og tækni. Til dæmis þykir oft gott að strengjaleikarar spili nótur með því að „húkka“. Það hljómar líka furðulega þegar óvant fólk heyrir okkur tala um að spila við „froskinn“ eða „oddinn.“

Þó að tengslin milli meðlima Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti verið með ýmsum hætti þá eru systkin innan sveitarinnar frekar óalgeng í sögu hennar. En það dylst engum að þær eru systur þær Pálína og Margrét Árnadóttir, þó svo að litatónninn í bylgjuðu hárinu sé ekki alveg sá sami.

Báðar lögðu þær tónlistina fyrir sig á sínum tíma og völdu strengjahljóðfæri til að leika á. Pálína valdi fiðlu en Margrét selló og þær geta því fyllilega myndað betri helminginn af strengjakvartett ef svo ber undir. Þær systur eru samstíga um flest allt og lærðu t.d. báðar hljóðfærslátt sinn

við hinn virta Julliard tónlistarháskóla í New York sem þykir einn sá allra virtasti í heimi. Tónlist er þeim systrum í blóð borin og þess má til gamans geta að faðir þeirra, Árni Arinbjarnarson, er mikill tónlistarmaður sem leikið hefur bæði á orgel og með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fiðlu til fjöldamargra ára.

*GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.*

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)